



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 21. september 2022 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Erla María Lárusdóttir og Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir, ásamt Alexöndru Jóhannesdóttur sveitarstjóra.

Magnús Barðdal verkefnastjóri fjárfestinga hjá SSNV sat fundinn undir 3. dagskrárlið.

Halldór G. Ólafsson oddviti stjórnaði fundi. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir verkefni á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Í máli sveitarstjóra kom fram að skv. verksamningi við verktaka vegna fráveitu var umsamið að framkvæmdir færu af stað í lok ágúst. Verktakinn hefur boðað seinkun vegna óviðráðanlegra ástæðna. Tími verkloka er þó óbreyttur skv. verksamningi þar um. Verkfundur verður haldinn með aðilum fimmtudaginn 22. september til þess að fara yfir stöðuna og næstu skref. Þá kom fram að hönnun á fuglaskoðunarhúsi væri langt á veg komin og búið væri að gera allar nauðsynlegar mælingar á framkvæmdastað til þess að hægt verði að hefja framkvæmdir strax næsta vor. Sveitarstjóri fór einnig yfir stöðu á uppbyggingu húsnæðis í samstarfi við Bríet og HMS, en búið er að funda með þeim verktökum sem sóttu um aðkomu að verkefninu og verið að skoða hvaða útfærslur sem hafa verið framlagðar henta best fyrir sveitarfélagið. Skýrsla sveitarstjóra var að öðru leyti flutt munnlega og til kynningar.

2. Rekstrar- og fjárfestingayfirlit janúar-júlí 2022

Sveitarstjóri fór yfir framlagt rekstrar- og fjárfestingayfirlit og útskýrði. Var yfirlitið lagt fram til kynningar.



3. Fjárfestingar – SSNV

Magnús Barðdal verkefnastjóri fjárfestinga hjá SSNV kom inn á fundinn og kynnti átaksverkefni í fjárfestingum á svæðinu sem sveitarstjórn tók vel í. Sveitarstjóra falið að skipuleggja vinnufund vegna verkefnisins.

4. Samningur um styrk til orkuskipta

Fyrir fundinum lá samningur við Orkusjóð vegna styrks til orkuskipta og uppsetningar á hleðslustöðvum á Skagaströnd sem lagður var fram til kynningar. Fram kom að framkvæmdum þurfi að vera lokið fyrir 15. september 2023.

5. Samningur við Farskólann

Fyrir fundinum lá samningur milli Sveitarfélagsins Skagastrandar og Farskólans – miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra sem sveitarstjóra var falið að undirrita.

6. Viðauki við samning um endurskoðun Aðalskipulags

Fyrir fundinum lá viðauki við verk- og tímaáætlun samnings sem Landmótun sf gerði við sveitarfélagið Skagaströnd í september 2018 varðandi endurskoðun Aðalskipulags Skagastrandar 2019-2035. Ástæða viðaukans er aukinn kostnaður sem hefur fallið til vegna vinnu við aðalskipulagið sem útskýrist aðallega af vinnu við stafræna útgáfu skipulagsins sem og einnig að vinnslutími við gerð skipulagsins varð lengri en fyrri áætlun gerði ráð fyrir. Var viðaukinn samþykktur eins og hann var lagður fyrir og sveitarstjóra falið að undirrita hann.

7. Þjálfunarsamningar vegna Umf. Fram

Fyrir fundinum lágu drög að forsendum samninga við þjálfara Umf. Fram fyrir næsta árið sem sveitarstjórn samþykkti.

8. Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk

Fyrir fundinum lá minnisblað og drög að reglum vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk með lögheimili í sveitarfélaginu sem sveitarstjórn ræddi. Sveitarstjóra var falið að boða til vinnufundar vegna málsins þar sem unnið verður að því að klára fyrirlögð drög.



9. Stofnun umdæmisráðs á landsvísu

Fyrir fundinum lágu drög að samningi um sameiginlegt umdæmisráð á landsvísu, erindisbréf valnefndar og viðauki við samning vegna stofnunar og starfsemi umdæmisráðs barnaverndar. Samkvæmt innleiðingu á breytingum á barnaverndarlögum skulu öll sveitarfélög hafa skipað umdæmisráð fyrir 1. október nk. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í umdæmisráði barnaverndar á landsvísu og felur sveitarstjóra að að undirrita samning fyrir hönd sveitarfélagsins.

10. Snjómokstur

Sveitarstjóri fór yfir stöðu á snjómokstri í sveitarfélaginu en forsvarsmenn Terra hafa tilkynnt að þeir muni ekki sinna snjómkosti áfram í sveitarfélaginu. Var sveitarstjóra falið að leita eftir nýjum þjónustuaðila í samvinnu við Vegagerðina.

11. Trúnaðarmál

Bókun sveitarstjórnar færð í trúnaðarbók.

12. Bréf

a. Kvenfélagið Eining dags. 18. ágúst 2022

Fyrir fundinum lá styrkbeiðni Kvenfélagsins Einingar vegna ferðar á Evrópuþing ACWW í Glasgow. Sveitarstjórn samþykkir að veita 200.000 kr. styrk til félagsins.

b. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 23. ágúst 2022

Fyrir fundinum lá minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga um forsendur fjárhagsáætlana 2023-2026 sem lagt var fram til kynningar.

b. Monika Tischleder, Linda Einarsdóttir og Ása Ásgeirsdóttir dags. 25. ágúst 2022

Fyrir fundinum lá erindi frá starfsfólki vegna lokunar póstafréttis á Skagaströnd þar sem breytingu á þjónustu er mótmælt harðlega. Óskað er eftir fundi með sveitarstjórn til þess að fara yfir stöðuna og var sveitarstjóra falið að boða til fundar með aðilum.



c. Hestmannafélagið Snarfari dags. 14. september 2022

Fyrir fundinum lá styrkbeiðni frá Hestmannafélaginu Snarfara upp á 1.000.000 kr. til þess að setja þak á hringgerði við Hrossafell. Var erindinu vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2023.

d. SSNV dags. 15. september 2022

Boðun á Haustþing SSNV 21. október 2022. Var erindið lagt fram til kynningar.

13. Fundargerðir

a. Fræðslunefndar dags. 30. maí 2022

Lagt fram til kynningar.

b. Stjórnar SSNV dags. 24. ágúst 2022

Lagt fram til kynningar.

c. Stjórnar SSNV dags. 31. ágúst 2022

Lagt fram til kynningar.

d. Stjórnar SSNV dags. 6. september 2022

Lagt fram til kynningar.

e. Hólanes ehf. dags. 31. ágúst 2022

Lagt fram til kynningar.

14. Önnur mál

Engin mál tekin fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 11:40

Halldór Gunnar Ólafsson

Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Erla María Lárusdóttir

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir